



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á minningarathöfn
í safnaðarheimili Patreksfjarðarkirkju
22. janúar 2023**

Ágætu Patreksfirðingar,
bæjarstjóri Vesturbyggðar,
fyrirverandi sveitarstjóri Patreksfjarðarhrepps,
sóknarprestur
og aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður að ávarpa ykkur á þessari minningarathöfn. Við minnumst þess í dag að fjörutíu ár eru liðin frá hinum hörmulegu krapaflóðum hér í byggð. Það er virðingarvert að efna til stundar af þessu tagi. Það er gott að finna samhug og samkennd. En hvernig er hægt að sætta sig við það sem maður á ekki að þurfa að sætta sig við? Hvernig er hægt að lifa með þeirri sorg sem maður á ekki að þurfa að þola? Í hamförunum fórust fjórir og missirinn er svo mikill, söknuðurinn svo sár.

Við megum hugsa hlýtt til þeirra sem hafa tregað og syrgt öll þessi ár. Við megum líka minnast þeirra sem lögðu svo hart að sér þegar ósköpin dundu yfir. Við megum þakka þeim sem lögðu líf sitt í hættu til að bjarga lífi annarra. Allir gerðu allt sem í þeirra valdi stóð, karlar og konur, ungir sem aldnir.

Sumt fólk bjargaðist líka fyrir það sem kalla má hreina heppni eða guðs mildi. En hin fjögur nutu þess ekki. Er hægt að skilja þannig óréttlæti? Við getum spurt áfram og áfram en erfitt eða ómögulegt getur reynst að finna svör. Það var séra Þórarinn Þór prófastur sem jarðsöng við útför og minningarathöfn hinna látnu. Hann spurði, hann leitaði svara og hann vitnaði meðal annars í Davíðs sálma: „Ég hugsaði um hvernig ég ætti að skilja það, það var erfitt í augum mínum uns ég kom inn í helgidóm Guðs.“

Félagsheimilið var þéttsetið þegar Patreksfirðingarnir fjórir voru bornir til grafar. Í hópi útfarargesta var Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands. Ég ræddi við hana áður en ég hélt hingað vestur. Hún bað fyrir hlýjar kveðjur til ykkar allra. Sorgarstundin festist henni að sjálfsögðu í minni en líka sú samstaða sem fólkið sýndi hér, og reyndar um land allt. Já, Íslendingar syrgðu allir saman og satt er það sem segir í hinum fallega sjómannasálmi sem séra Þórarinn Þór fór einnig með: „Þegar hendir sorg við sjóinn / syrgir, tregar þjóðin öll.“

Önnur vísuorð þess sálms eru þekktari – „Föðurland vort hálf er hafið“, lengi vel einkunnarorð Landhelgisgæslu Íslands. Fulltrúar hennar eru með okkur hér í dag. Liðsmenn Gæslunnar héldu á vettvang á sínum tíma og fyrir það ber líka að þakka. Með í för voru björgunarsveitarmenn að sunnan og þeir komu líka úr nærsveitum, frá Bíldudal og Tálknafirði. Barðstrendingar bjuggu sig til aðstoðar en með öllu ófært var yfir Kleifaheiði.

Kæru vinir: Mér þykir vænt um að vera með ykkur á þessari stundu. Ég vona að hún verði öllum til einhvers góðs, framar öllu þeim ykkar sem misstu svo mikið hinn skelfilega dag fyrir fjórum áratugum. Sitthvað hefur breyst síðan þá. Á þeim tíma þekktust ekki hugtök og hjálpræði sem eru okkur tamari í dag – áfallastreituröskun og áfallahjálp. Frekar var jafnvel talið að fólk ætti að bera harm sinn í hljóði. Lengi höfum við þó vitað að það er einatt betra að deila sorg með öðrum, finna þar styrk og léttu eigin byrðar. Þau sannindi eigum við meðal annars í hinum ævafornu Hávamálum: „Sorg etur hjarta / ef þú segja né náir / einhverjum allan hug.“

Við skulum því stefna að því að styðja hvert annað, eftir vilja og getu hvers og eins. Og við skulum ekki reyna að gleyma því reiðarslagi sem skók þessa fallegu byggð, draga frekar af því lærdóm og geyma góðar minningar, minningar um þau fjögur sem týndu lífi sínu á voðastundu. Blessuð sé minning þeirra mæðgina, Valgerðar Elínborgar Jónsdóttur og Marteins Ólafs Péturssonar, og þeirra Sigurbjargar Sigurðardóttur og Sigrúnar Guðbrandsdóttur. Sigrún litla var aðeins sex ára gömul þegar hún var kölluð úr þessum heimi. Hún hvílir í Fossvogskirkjugarði en við minningarathöfnina hér var farið með hið fallega en sára saknaðarkvæði Matthíasar Jochumssonar um dóttur sína sem lést á barnsaldri:

Vertu sæl, vor litla ljúfan blíða.
Lof sé Guði, búin ertu að stríða.
Upp til sælu sala
saklaust barn án dvala.
Lærðu ung við engla Guðs að tala.

Ég þakka þá gestrisni og góðvild sem ég hef notið í heimsókn minni í dag, rétt eins og áður. Við Eliza kona mín minnumst með ánægju ferðar okkar hingað við upphaf minnar forsetatíðar. Megi ykkur öllum farnast vel og ég vona að við munum eiga hér notalega stund áfram saman. Þakka ykkur fyrir.